

Eftirfarandi á við alla bíla í eigu/umráð stofnunarinnar. Svið upplýsingatækni og rekstrar hefur yfirumsjón með bifreiðum stofnunarinnar. Bifreiðar stofnunarinnar eru eingöngu til notað við starfstengd verkefni og aldrei til einkanota fyrir starfsfólk.

Bókanir á bílum

Bílar MAST sem eru til notkunar fyrir starfsmenn eru aðgengilegir í Outlook til bókanar. Móttökuritari ber ábyrgð á að uppfæra skrá yfir bíla í Outlook (breytingar, nýir bílar, langtímaleiga).

Starfsmenn bóka sjálfir bíla til notkunar í Outlook. Móttökuritarar aðstoða ef þess er þörf.

Bílaleigubílar/einkabíll starfsmanns

Skammtímaleiga

Ef ekki er laus bíll til notkunar þá skal hafa samband við móttökuritara sem gengur frá bókun á bílaleigubíl fyrir starfsmanninn.

Langtímaleiga

Ef þörf er á bíl til lengri tíma er leitað heimildar hjá sviðsstjóra upplýsingatækni og rekstrar. Móttökuritari á Selfossi leitar tilboða til bílaleigufyrirtækja. Hagstæðasta tilboðið er valið m.t.t. fjölda km. og leiguupphæðar.

Einkabíll starfsmanns

Ef enginn bíll er laus og ekki er talið hagkvæmt að taka bílaleigubíl er heimilt að nota eigin bíl að fengnu leyfi yfirmanns. Ef nota þarf eigin bíl skal óska eftir endurgreiðslu aksturskostnaðar í gegnum **MAST OIE Kostnaðarskýrslur** í sjálfsafgreiðslu Orra.

Nýir bílar

Sviðsstjóri upplýsingatækni og rekstrar tekur ákvarðanir um kaup á nýjum bílum.

Viðgerðir

Minni viðgerðir, smurning, þjónustuskoðanir o.þ.h.

Starfsstöðvar/umdæmisskrifstofur og umráðamenn sjá um rekstur sinna bíla s.s. bifreiða- og þjónustuskoðanir, smurningu, viðhaldsviðgerðir og minni viðgerðir.

Móttökuritari á Selfossi sér um rekstrarmál millikeyrslubíla og annara bifreiða sem eru til notkunar í höfuðstöðvum MAST.

Ef vafi leikur á heimild til viðgerðar skal leita álits hjá móttökuritara á Selfossi/sviðsstjóra upplýsingatækni og rekstrar.

Stærri viðgerðir

Hafa skal samband við móttökuritara á Selfossi/sviðsstjóra upplýsingatækni og rekstrar vegna stærri viðgerða.

Rafbílar

Matvælastofnun hvetur starfsfólk til að nota rafbílana þegar þörf er á að nota bíla á vegum stofnunarinnar ef þeir eru lausir og það er næg hleðsla á þeim. Rafbíl skal ætíð bóka í samráði við móttökuritara.

Ef hleðsla á rafbíl er lítil er mælt til þess að þeir séu ekki notaðir þegar farið er í ferðir sem vara í langan tíma heldur nýta bifreið með annan orkugjafa og rafbílnum frekar haldið í hleðslu.

Sé hleðsla orðin lítil þegar rafbíll er notaður og vitað er að hann verði notaður aftur innan skamms, er mælt til þess að starfsmaður stoppi stutta stund á hraðhleðslustöð til að bæta rafmagni á bifreiðina svo hún sé tilbúin til notkunar fyrir næsta starfsmann.

Þegar rafbíll er skilað aftur á starfsstöð er nauðsynlegt að stinga honum alltaf í samband að lokinni notkun. Endurtengja þarf kapal bæði við hleðslustöð og bíl til að virkja hleðslu á ný (blikkandi ljós í mælaborði sýna að hleðsla er í gangi). Það fer ekki illa með batteríð og er nauðsynlegt til að tryggja ávallt næga hleðslu á bílunum.

Kapall skal ávallt fylgja bílnum í öllum ferðum.

Bannað er að leggja öðrum bílum en rafbílum í eigu stofnunarinnar í stæði þar sem hleðslustöðvar á vegum stofnunarinnar eru til að tryggja að alltaf sé aðgengi að stöðvunum.

Eldsneytiskort og hleðslulyklar

Móttökuritari á Selfossi sér um að panta eldsneytiskort og hleðslulykla fyrir bíla sem eru í notkun hjá stofnuninni og skal snúa sér til móttöku ef þörf er á nýjum kortum eða lykllum. Ef kort eða lykill glatast eða önnur vandamál koma upp skal undantekningarlaust tilkynna það strax til móttöku.

- Rekstrarvörur fyrir bílinn s.s. rúðuvökvi, Ad blue og rúðupurrkur er hægt að greiða með eldsneytiskorti/-lykli.

Ávallt skal leitast við að taka eldsneyti þar sem er hagkvæmast skv. samningum við olúfélög.

Aukalyklar

Aukalyklar skulu undantekningarlaust geymdir í móttöku á Selfossi eða á starfsstöð þar sem viðkomandi bifreið er almennt geymd. Ef þörf er á að nota aukalykil skal skila lykli strax að notkun lokinni.

Almennar bílareglur

Ökumenn bifreiða skulu sjá um:

- að ávallt sé nægt eldsneyti/rafmagn á bílnum (velja skal hagstæðasta kostinn og veitir móttökuritari á Selfossi upplýsingar um samninga við olúfélögin),
- að fylla á rúðuvökva sé þess þörf,
- að halda bílnum snyrtilegum, ekki skilja eftir rusl eða gögn í bílnum,
- að bíllinn sé tilbúinn til notkunar fyrir næsta starfsmann, til dæmis með stuttri hraðhleðslu rafbíla.
- að tilkynna til móttökuritara um öll ljós sem birtast í mælaborði sem þarfnast athugunar á verkstæði.

Vinsamlegast athugið:

- Bíl skal almennt skilað á vinnustað að lokinni vinnu.
- Ekki er heimilt að vera með dýr starfsmanns í bíl nema í búi.
- Lengri akstur í einkaerindum í vinnuferðum er óheimill.
- Allur akstur í einkaerindum utan vinnutíma er óheimill.

Gjaldskyld bílastæði og stöðvunarbrotgjöld

Matvælastofnun greiðir kostnað vegna gjaldskyldra bílastæða sem til fellur á vinnutíma. Starfsmaður greiðir þá annað hvort með innkaupakorti MAST eða innheimtir útlagðan kostnað gegn framvísun reiknings/kvittunar.

- Gjöld vegna stöðvunarbrotu eru greidd af ökumanni. Falli gjöldin á MAST eru þau dregin af launum starfsmanns.

Matvælastofnun greiðir ekki fyrir gjaldskyld bílastæði utan vinnutíma og skal starfsmaður nýta sér bílastæði án gjaldskyldu.

Tjón og sektir

Virða skal umferðarreglur og vera til fyrirmyndar í umferðinni.

- Slys og tjón á bifreiðum stofnunarinnar skal tilkynna án tafar til móttökuritarar.
- Hraðasektir og aðrar sektir eru greiddar af ökumanni bifreiðar.

Búnaður sem skal vera til staðar í bifreiðum MAST.

- Sjúkrakassi.
- Tvö endurskinsvesti (í hurðarvasa sitt hvoru megin).
- Aðvörunarpríhyrningur.
- Sólgleraugu.
- Rúðuskafa – sópur.
- Tjónaskýrsla.
- Eldsneytiskort/hleðslulykill á lykli (má ekki geyma í bílnum).

Aðgangur starfsfólks að hleðslustöðvum MAST vegna einkabifreiða

Starfsfólk hefur aðgang að rafhleðslustöðvum stofnunarinnar þar sem þær eru til staðar. Er þetta liður í að hvetja starfsfólk til að nota umhverfissvænar samgöngur. Sýnum því tillitsemi og pössum að hafa bílana okkar ekki í sambandi allan daginn svo fleiri komist að.

Til að sækja um aðgang á Selfossi fyrir ykkar lykil þarf að fara inn á þessa síðu: <https://isorka.is/pages/einkastod>.
Númerin á stöðvunum eru: 45503 og 45504.